

Föstudaginn 2. nóvember 1990.

Nr. 236/1990. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Birgi Ólafssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlagabrot. Akstur án ökuleyfis. Skilorðsrof. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1990 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði ákveðin sekt í stað fangelsis.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að refsing ákærða þykir hæfilega metin 6 mánaða fangelsi.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Birgir Ólafsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærði var staðinn að akstri bifreiðar án ökuréttinda 8. mars sl. og hefur viðurkennt sekt sína þess vegna. Er brotið rétt fært til refsíákvæða í héraðsdómi. Ekkert var saknæmt við aksturinn

annað en réttindaleyzi ákærða, sem var fyrst sviptur ökuréttindum 17 ára að aldri og hefur verið án ökuréttinda allt frá árinu 1980 vegna ítrekaðrar sviptingar þeirra. Á þeim tíma hefur hann þrívægis verið vistaður í fangelsi samkvæmt dómum vegna ölvunarakstursbrota.

Ákærði hafði 12. apríl 1989 fengið lausn til reynslu frá afplánun á hálfum refsivistartíma, 5 mánuðum, samkvæmt dómum sakadóms Reykjavíkur frá 20. október 1988 og 3. mars 1989. Var hún veitt á grundvelli 2. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 16/1976. Sama úrræðis hafði tvisvar áður verið neytt gagnvart ákærða, án þess að bót yrði á ráði hans, að því er varðaði akstur undir áhrifum áfengis. Með broti sínu nú hefur ákærði rofið skilorð þessarar síðustu reynslulausnar. Hins vegar hefur hann að öðru leyti haldið almenn skilyrði lausnarinnar, og ekki er kunnugt um aðrar sakir á hendur honum, síðan hún var veitt. Jafnframt hefur hann haldið það sérstaka skilyrði, sem honum var sett við lausnina varðandi meðferð áfengis og var ætlað til að sporna við ítrekun á fyrri brotum hans. Eftir að lausnin var veitt og brotið framið, hefur orðið breyting á hjúskaparstöðu ákærða, og upplýsingar um hagi hans gefa til kynna, að hann sé í þetta sinn að leitast við að ná þeim árangri, sem að var stefnt með lausninni.

Eins og málið horfir við, verður samkvæmt 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga að ákveða refsingu fyrir brot ákærða í einu lagi með ólokinni refsingu hans samkvæmt fyrrgreindum dómum og með hliðsjón af henni, eins og gert er í héraðsdómi. Er ég samþykkur því áliti meiri hluta dómenda, að refsingin sé hæfilega metin 6 mánaða fangelsi. Með tilliti til þess, sem fyrr var rakið um hið nýja brot og hagi ákærða, tel ég hins vegar rétt að neyta heimildar 60. gr. til að fresta fullnustu refsingarinnar, þannig að hún falli niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms í Hæstarétti, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Ég er samþykkur atkvæði meiri hlutans um sakarkostnað.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. maí 1990.

Ár 1990, föstudaginn 4. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur

í sakadómsmálinu nr. 250/1990: Ákærvaldið gegn Birgi Ólafssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 3. apríl 1990, á hendur Birgi Ólafssyni, Næfurási 10, Reykjavík, kt. 300761-2759, fyrir „að aka fimmtudaginn 8. mars 1990, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni MS-476 frá heimili sínu og um götur í borginni, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Skúlagötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

— — —

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar atferli ákærða við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt vottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir: [1979 300.000 kr. sekt, ökuleyfissvipting 12 mánuði, fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot.

1979 60.000 kr. sekt, ökuleyfissvipting 4 mánuði, fyrir ölvunarakstur.

1980 500.000 kr. sekt, ökuleyfissvipting 12 mánuði, fyrir nytjastuld og ölvunarakstur.

1981 30 daga varðhald, skilorðsbundið, fyrir nytjastuld og ölvunarakstur. Sviptur ökuleyfi 1 ár.

1981 3 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

1984 24.000 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt.

1985 20.000 kr. sekt fyrir akstur bifreiðar án ökuleyfis.

1985 60 daga varðhald fyrir ölvunarakstur og akstur án ökuleyfis. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt.

1986 8 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, fjárdrátt, svik, nytjastuld og umferðarlagabrot. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

1987 30.000 kr. sekt fyrir bifreiðarakstur án ökuréttinda.

1988 9 mánaða fangelsi fyrir umferðarlagabrot. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

Hinn 12. apríl 1989 var honum veitt reynslulausn á eftirstöðvum refsivistar, 150 dögum.]

— — —

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærða var þann 12. apríl 1989 veitt reynslulausn í 2 ár á 150 daga eftirstöðvum refsinga samkvæmt eldri dómum.

Með broti því, sem hér er til meðferðar, hefur ákærði rofið skilorð reynslulausnar, og ber því samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16, 1976, að dæma ákærða refsingu fyrir það brot, sem nú er til meðferðar, jafnframt því að taka upp reynslulausnina eftir reglum 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955.

Með hliðsjón af framangreindu og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Birgir Ólafsson, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
